

Ár 2006, þriðjudaginn 11. júlí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur í málinu nr. D-18/2006:

Sigurður Örn Búason,

Elsa Hrönn Búadóttir,

Aldís Búadóttir og

Jóhann Búason

(Hlöðver Kjartansson hrl.)

gegn

Dóru Jóhannsson

(Sigurður Snædal Júlíusson hdl.)

kveðinn upp svohljóðandi

úrskurður

I

Málið barst dóminum 5. maí sl. og var þingfest 19. sama mánaðar. Það var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi 28. júní sl.

Sóknaraðilar eru Sigurður Örn Búason, Dalsflöt 9, Akranesi, Elsa Hrönn Búadóttir, Langholtsvegi 178, Reykjavík, Aldís Búadóttir, Sunnubraut 52, Keflavík og Jóhann Búason, Bleiksárhlíð 47, Eskifirði.

Varnaraðili er Dóra Jóhannsson, Tjarnarmýri 9, Seltjarnarnesi.

Sóknaraðilar krefjast þess að dánarbú Búa Steins Jóhannssonar, kt. 000000-0000, er lést 13. mars 2001 og síðast var til heimilis að Sogavegi 216 í Reykjavík, verði tekið til opinberra skipta. Þá er krafist málskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað og sér úrskurðaður málskostnaður.

II

Framangreindur Búi Steinn var faðir sóknaraðila. Þegar hann lést var hann kvæntur varnaraðila. Búi Steinn gerði erfðaskrá 8. ágúst 1997 og segir þar í 1. gr. að varnaraðili skuli eiga rétt á setu í óskiptu búi eftir andlát hans svo lengi sem hún óskar þess, sbr. 8. gr. erfðalaga nr. 8/1962. Sýslumaður veitti varnaraðila leyfi til setu í óskiptu búi 7. maí 2001.

Í umsókn um leyfið gerði varnaraðili grein fyrir eignum búans og taldi upp sex fasteignir að fasteignamati samtals 49.014.000 krónur, fjórar bifreiðir metnar á 940.000 krónur, innbú metið á 3.000.000 króna og tvo bankareikninga með 1.294.489 króna innstæðu. Skuldir voru taldar 19.870.000 krónur. Í umsókninni var ekki getið um kaupmála sem varnaraðili og Búi Steinn gerðu með sér áður en þau gengu í hjúskap og er dagsettur 26. september 1990. Samkvæmt kaupmálanum voru fasteignir við Njálsgötu og Seljaveg séreign hans svo og arfur eftir móður hans, tvær bifreiðar, lóð í Grímsnesi og allt lausafé, sem hann hafði komið með í búið. Það sem koma myndi í stað þessara eigna yrði á sama hátt séreign hans.

Í júlí 2004 rituðu sóknaraðilar varnaraðila bréf og beiddust þess að búið yrði tekið til opinberra skipta. Féllist varnaraðila ekki á það yrði farið fram á skrásetningu eigna búans, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl. Varnaraðili féllst ekki á að búið yrði tekið til opinberra skipta og fóru sóknaraðilar þá fram á það við sýslumann 29. júní 2005 að eignir búans yrðu skráðar og varð sýslumaður við því. Skráin er dagsett 18. október 2005 og samkvæmt henni eru tilgreindar þrjár fasteignir auk fasteignar í Perú. Tvær bifreiðir, báðar sagðar afskráðar, auk fornþila án nánari tilgreiningar. Peningaeign er skráð samtals 22.994.964 krónur en skuldir samtals 2.214.749 krónur. Sóknaraðilar tilkynntu sýslumanni í nóvember 2005 að þeir litu svo á að varnaraðili hefði ekki að fullu gert grein fyrir eignum búans og þegar ekki tókst að afla þeirra var krafist opinberra skipta á búinu.

III

Sóknaraðilar byggja kröfu sína á því að varnaraðili hafi með óhæfilegri fjárstjórn sinni rýrt efni búans eða gefið tilefni til að óttast að hún muni rýra þau. Vísa þau, máli sínu til stuðnings, til 1. mgr. 15. gr. erfðalaga, sbr. 3. mgr. 38. gr. laga nr. 20/1991. Þá byggja sóknaraðilar á því að tiltekna eignir hafi verið séreignir Búa Steins og beri að halda þeim utan búans samkvæmt 11. gr. erfðalaga, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 20/1991.

Varnaraðili byggir á því að eignir búans hafi ekki rýrnað í meðförum hennar og ekki sé ástæða til að óttast að svo verði. Varnaraðili hafi farið með eignir búans eins og henni sé heimilt samkvæmt ákvæðum erfðalaga. Hún hafi selt fasteignir og ýmist keypt nýjar í staðinn eða ávaxti andvirðið á bankareikningum. Þá byggir hún á því að ekki séu lagaskilyrði til að krefjast opinberra skipta þótt maki sitji í óskiptu búi þar sem séu séreignir skammlífarí makans.

IV

Varnaraðili situr í óskiptu búi samkvæmt fyrirmælum í erfðaskrá Búa Steins Jóhannssonar eins og rakið var. Þegar svo stendur á geta sóknaraðilar krafist skipta ef þeir sanna að varnaraðili rýri efni búans með óhæfilegri fjárstjórn eða veiti tilefni til að óttast megi slíka rýrnun.

Sóknaraðilar hafa bent á að varnaraðili hafi selt fasteignir búans við Sogaveg í október 2001 á 27.500.000 krónur. Ekki liggja fyrir önnur gögn um hvort þetta hafi verið eðlilegt markaðsverð á þessum tíma eða ekki, en vottorð fasteignasalans sem sá um söluna. Í því kemur fram það mat hans að verðið hafi verið eðlilegt.

Jafnframt getur hann þess að eignin hafi verið rækilega auglýst um tveggja mánaða skeið sumarið 2001. Sóknaraðilar halda því hins vegar fram að markaðsverð eignanna sé mun hærra í dag og beri það vott um vanhæfni varnaraðila til að fara með fjármál búans að hún skyldi selja eignirnar á þessu verði. Hluta andvirðisins var varið til að kaupa fasteign í Perú þaðan sem varnaraðili er ættuð en að öðru leyti mun það varðveitt á banka. Varnaraðili hefur gefið þær skýringar á sölunni að húsið hafi verið of stórt fyrir sig og viðhald þess og umsjón verið sér ofviða.

Það er ekki hægt að fallast á það með sóknaraðilum að varnaraðili hafi rýrt eignir búans með því að selja fasteignirnar við Sogaveg á gangverði á sölutíma þeirra. Það er sóknaraðila að sanna að eignirnar hafi verið seldar á of lágu verði, en sú sönnun hefur ekki tekist og marklaust er að benda á að í dag mætti fá mun hærra verð fyrir þær en á árinu 2001. Þá er ekki annað leitt í ljós en að andvirðið sé varðveitt á banka að undanskilinni fjárhæð sem notuð var til kaupa á fasteign í Perú og er þar af leiðandi í eigu búans. Sóknaraðilar hafa ekki sýnt fram á að sú ráðstöfun hafi rýrt efni búans.

Þá voru í eigu búans við andlát Búa Steins fasteignir við Njálsgötu og í Hveragerði og íbúð við Seljaveg. Tvær fyrirtölu eignirnar eru enn í eigu búans, en íbúðin við Seljaveg var seld og íbúð á Seltjarnarnesi keypt í staðinn. Af gögnum málsins má ráða að hún sé verðmeiri en sú sem seld var. Samkvæmt skattframtali varnaraðila fyrir árið 2006 eru þessar þrjár fasteignir í eigu hennar. Verður ekki séð að framangreindar ráðstafanir varðandi fasteignirnar hafi rýrt efni búans.

Loks er getið um eign á Spáni, en ágreiningur er með aðilum um hvort hún sé séreign varnaraðila eða tilheyri búinu. Í þessu máli verður ekki skorið úr þeim ágreiningi en engin gögn eru um annað en að eignin sé til staðar og tiltæk búinu verði niðurstaðan sú að hún tilheyri því.

Þegar varnaraðili sótti um leyfi til setu í óskiptu búi tilgreindi hún fjórar bifreiðar í eigu þess. Þær eru af árgerðum 1978, 1986, 1989 og 1991. Tíminn rýrir verðgildi bifreiðanna jafnt og þétt, en ekki hefur verið sýnt fram á að varnaraðili hafi sjálf gert eitthvað í þá veru. Í umsókninni er innbú metið á 3.000.000 króna en engin

gögn eru í málinu um það að öðru leyti, hvorki hvaða munir tilheyrðu því þá eða gera það nú.

Við eignaskráningu sýslumanns reyndust innstæður búsins í bönkum vera 22.994.964 krónur og skuldir 2.214.749 krónur. Samkvæmt skattframtali varnaraðila fyrir árið 2006 nema innstæður í bönkum 23.809.984 krónum og skuldir eru 2.058.865 krónur. Hefur hagur búsins þannig vænkast frekar heldur en hitt.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið er ósannað að varnaraðili hafi rýrt efni búsins. Þá hafi engin rök verið leidd að því að ástæða sé til að óttast að hún muni gera það. Kröfu sóknaraðila um að búið verði tekið til opinberra skipta á þessum grundvelli er því hafnað.

Þá byggja sóknaraðilar á því að tilteknar eignir hafi verið séreignir Búa Steins og tilheyri þær ekki búinu. Ekki séu því skilyrði til að varnaraðili sitji í óskiptu búi hvað þessar eignir varðar. Í 11. gr. erfðalaga er fjallað um þær eignir sem teljast til óskipts bús, en það eru hjúskapareignir beggja hjóna og séreign sem samkvæmt ákvæðum laga eða kaupmála á að hlíta reglum um hjúskapareign að öðru hjóna látnu. Búi Steinn og varnaraðili gerðu með sér kaupmála áður en þau gengu í hjúskap og samkvæmt honum eru tilteknar eignir séreign Búa Steins. Ekki verður séð af beiðni varnaraðila um leyfi til setu í óskiptu búi að hún hafi getið um kaupmálann og þar með að hluti af eignum búsins væru séreignir Búa Steins. Í erfðalögum eru hins vegar ekki ákvæði sem heimila erfingjum að krefjast opinberra skipta á þeim grundvelli að veitt hafi verið leyfi til setu í óskiptu búi með eignum sem ætti að skipta. Það verður því ekki skorið úr um það í þessu máli hvort skilyrði hafi á sínum tíma verið til þess af hálfu sýslumanns að veita varnaraðila leyfi til setu í óskiptu búi með öllum eftirlátnum eigum Búa Steins eða hvort fella eigi búsetuleyfið úr gildi að einhverju leyti eða öllu. Það verður því einnig að hafna því að taka búið til opinberra skipta á þessum grundvelli.

Samkvæmt öllu framansögðu er kröfu sóknaraðila hafnað en rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Úrskurðarorð

Kröfu sóknaraðila er hafnað en málskostnaður fellur niður.

Arngrímur Ísberg

